

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjöld kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. mars 1980, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. maí 1980, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan um eftirgreinda punkta: